

### 13. 2508014 - Málefni Ytri-Skóga

Vegna bökunar Byggðaráðs Rangárþings eystra, þann 21. ágúst 2025, þar sem fjallað var um hækkun tekna vegna bílastæða við Skóga og breytt skipulag við Skógaskóla, samþykkir sveitarstjórn Skaftárhrepps eftirfarandi í einu hljóði:

*Sveitarstjórn Skaftárhrepps óskar eftir sundurliðun á kostnaði og tekjum sem Rangárþing eystra hefur bókað í reiknisskilum sínum árin 2024 og 2025, vegna bifreiðastæða við Skógfoss. Er þess óskað að þessi sundurliðun sé unnin af endurskoðanda Rangárþings eystra og send Skaftárhreppi eigi síðar en 15. september næstkomandi.*

*Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkir að senda Rangárþingi eystra reikning að upphæð 9.954.000 krónur sem er hlutdeild Skaftárhrepps í þeim 42 milljónum sem Byggðaráð Rangárþings eystra bókaði sem aukið handbært fé vegna afkomu bifreiðastæða á árinu 2025.*

*Jafnframt felur sveitarstjórn Skaftárhrepps, lögmanni sveitarfélagsins að gæta hagsmuna sveitarfélagsins vegna þeirrar tillögu að breyttu deiliskipulagi við Skógaskóla sem Byggðaráð Rangárþings eystra hefur samþykkt.*